

- 130** 11. nóv. **staðfesting konungs** á skipulagsskrá fyrir »Minningarsjóð Björns Vilhjálmssonar«, útgefin á venjulegan hátt ad mandatum af ráðherra Íslands 11. nóv. 1912. Skipulagsskráin er þannig:

Skipulagsskrá

fyrir Minningarsjóð Björns Vilhjálmssonar.

1. gr.

Sjóðurinn er gefinn af Vilhjálmi Bjarnarsyni og Sigríði Þorláksdóttur, búandi hjónum á Rauðará, til minningar um Björn son þeirra, er andaðist í Mentaskóla Reykjavíkur 19. mars 1893, 17 ára að aldri.

Sjóðurinn er að upphæð kr. 400,00 — fjögur hundruð krónur — og heitir: »Minningarsjóður Björns Vilhjálmssonar«.

2. gr.

Sjóðurinn ávaxtast í Söfnunarsjóði Íslands, legst einn fjórði hluti árlega við höfuðstólinn, en þrír fjórðu hlutar greiðist stjórn Heilsuhælisins á Vífilstöðum.

3. gr.

Þegar útborgaðir vextir sjóðsins nema kr. 50,00 — fimtíu krónum —, skal stjórn Heilsuhælisins verja þeirri upphæð til styrktar einhverjum einum sjúklingi á hælínu. Gjöfinni skal úthlutað á fæðingardegi Björns Vilhjálmssonar, 8. dag aprílmánaðar.

4. gr.

Sjóðurinn stendur að öllu leyti undir stjórn Heilsuhælisins, og birtir stjórnarnefndin árlega reikning sjóðsins í Stjórnartíðindunum.

5. gr.

Leita skal konunglegrar staðfestingar á stofnskrá þessari.

Rauðará við Reykjavík, 8. apríl 1912.

F. h. *Vilhjálmss Bjarnarsonar*

Sigríður Þorláksdóttir.

Þorl. Vilhjálmsson.

- 131** 11. nóv. **staðfesting konungs** á endurskoðari skipulagsskrá styrktarsjóðs Hannesar Árnasonar til eflingar heimspekilegum vísindum á Íslandi, útgefin á venjulegan hátt ad mandatum af ráðherra Íslands 11. nóvember 1912.

Skipulagsskráin er þannig:

1. gr.

Sjóðurinn myndast af fje því, er sjera Hannes heitinn Árnason, kennari við prestaskólann í Reykjavík, gaf með arfleiddslugjörð 15. ágúst 1878. Var sjóðnum lagt fje þetta út, er búi arfleiddanda var skift, og borgaði executor testamenti landshöfðingjanum yfir Íslandi það 12. febr. 1881 með 30315 kr. 43 a.